

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Bjarni Bjarnason; Gestur Pétursson
Sendandi: Jakob Sigurður Friðriksson
Dagsetning: 12. júlí 2021
Efni: **Snjallvæðing mæla hjá Veitum: Fyrirspurn frá borgarráði.**

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um nauðsyn og kostnað snjallmælavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur, var lögð fram í borgarráði þann 3. október 2019. Fyrirspurnin var svohljóðandi:

Í fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur er rætt um snjallmælavæðingu en ekki kemur fram hvað þeir eiga að kosta marga milljarða eða hvers vegna þeir eru yfirleitt nauðsynlegir.

- 1. Hvað er áætlað að snjallmælavæðingin kosti þegar hún er komin til framkvæmda í heild sinni?*
- 2. Hver eru rökin fyrir þessari miklu fjárfestingu?*

Einnig kemur fram að með nýjum snjallmælum munu skapast tækifæri til fjölbreyttari og betri þjónustu við viðskiptavinum fyrirtækisins en Veitur þjóna um þremur af hverjum fjórum landsmönnum.

- 3. Hvernig verður þjónustan fjölbreyttari og betri?*

Svör Veitna eru eftirfarandi:

1. Áætlaður heildarkostnaður við snjallvæðingu mæla hjá Veitum er 5,7 milljarðar króna.
2. Ákvörðun um snjallvæðingu mæla byggir á eftirfarandi forsendum:
 - a. Niðurstöður hagkvæmnigreiningar voru jákvæðar.
 - b. Núverandi mælasafn Veitna er komið að endimörkum líftíma síns og tækifæri er til kynslóðaskipta.
 - c. Þáttur í stafrænni þróun veitureksturs og þjónustu við viðskiptavinum.
3. Með snjallvæðingu mæla verður komið á reglubundnum samskiptum og gagnasöfnun hafin um notkun, afhendingargæði orkunnar og mælitækið sjálft. Gögnum er safnað á 10 til 60 mínútna fresti, í stað þess að lesa einungis notkunarupplýsingar einu sinni á ári. Veitum verður því kleift að auka og bæta þjónustu sína við viðskiptavinum:
 - a. Engin áætluð notkun, viðskiptavinir borga fyrir það sem notar er, raunnotkun. Áætlunarreikningar heyra sögunni til.
 - b. Viðskiptavinir munu ekki lengur þurfa að lesa af mælunum og skila upplýsingum til Veitna.
 - c. Viðskiptavinir munu geta fylgst náið með orkunotkun sinni og þar með brugðist við öllum frávikum.
 - d. Snjallvæðing mæla getur hjálpað viðskiptavinum við að lækka orkureikninginn.
 - e. Auðveldar notendaskipti og skipti á raforkusala.
 - f. Gerir Veitum kleift að vakta afhendingargæði orku til viðskiptavina, stýra viðhaldi veitukerfa (ástandsstýring) og forgangsraða viðhaldsverkefnum eftir mældum gæðum orkunnar.
 - g. Eykur möguleika Veitna til að bregðast við þróun rafbílavæðingar en rafbílavæðing hefur í för með sér nýtt álag á veitukerfið sem nauðsynlegt er að vakta og stýra þannig að fjárfestingar í veitukerfunum nýtist sem best.